

# Jólanótt

(Það blikja við himininn leiftrandi ljós)

Ísólfur Pálsson

Ísólfur Pálsson, 1899

Radds.: A. Lundh

1. Það blik - a við him - in - inn leiftr - and - i ljós þau ljóm - a oss sof - end - um

yf - ir, því vök - um og sjá - um að lífgj - af - inn lif - ir, lof - kvæði' hann

flyt - ur og sigr - in - um hrós. Brun - ar í austr - i sem blik - and - i rós í

blá - hvelf - ing frið - boð - a stjarn - a. Söngv - a við heyr - um, um sól - veg - u farn -

a, söngv - an - a engl - a, guðs himn - esk - u barn - a.

## JÓLANÓTT

Það blikja við himininn leiftrandi ljós  
þau ljóma oss sofendum yfir,  
því vökum og sjáum að lífgjafinn lifir,  
lofkvæði' hann flytur og sigrinum hrós.  
Brunar í austri sem blikandi rós  
í bláhvelfing friðboða stjarna.  
Söngva við heyrum, um sólvegu farna,  
söngvana engla, guðs himnesku barna.

Vér krjúpum í lotning og lútum nú hljótt  
við lausnarans komu til manna,  
vér krjúpum og lútum, er lífið hið sanna  
ljósið oss flytur í niðdimma nótt.  
Lítum til himins og hefjum með þrótt  
vorn hug til englanna ranna.  
Hljómana vekjum með söngvana sanna,  
syngjum um friðinn og vonirnar manna.